



26. janúar 2023
Tilv.: 2212090

Dreifibréf nr. 1/2023
til lánastofnana og
Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Viðmiðunarreglur EBA um birtingu upplýsinga um áhættuskuldbindingar vegna vanefnda og ívilnunar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) varðandi birtingu upplýsinga um áhættuskuldbindingar vegna vanefnda og ívilnunar (EBA/GL/2022/13) sem breyta viðmiðunarreglum EBA um sama efni (EBA/GL/2018/10).¹ Viðmiðunarreglurnar tóku gildi 31. desember 2022 og beinast að lánastofnunum og eftirlitsstjórnvöldum. Viðmiðunarreglur EBA/GL/2022/13 eru aðgengilegar [hér](#) og uppfærð útgáfa af viðmiðunarreglum EBA/GL/2018/10 er aðgengileg [hér](#).

Viðmiðunarreglur EBA/GL/2018/10 hafa verið teknar upp hérlandis, sbr. dreifibréf nr. 53/2019 frá 21. mars 2019, og byggja á 18. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og 8. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (CRR) sem innleidd hefur verið í lög um fjármálafyrirtæki.² Viðmiðunarreglurnar útfæra upplýsingaskyldu varðandi vanefndar áhættuskuldbindingar og áhættuskuldbindingar sem hlotið hafa ívilnun. Hluti viðmiðunarreglnanna tók til allra lánastofnana, en auknar kröfur voru gerðar til kerfislega mikilvægra lánastofnana og þar sem vanefndahlutfall væri yfir 5%. Tíðni og umfang upplýsingagjafarinnar tók þannig mið af stærð og starfsemi lánastofnana.

Með viðmiðunarreglum EBA/GL/2022/13 eru gerðar breytingar á gildissviði viðmiðunarreglna EBA/GL/2018/1 vegna breytinga sem gerðar voru á CRR með reglugerð (ESB) 2019/876 (CRR II). Með CRR II bættist krafa við CRR um birtingu upplýsinga um efndar og vanefndar áhættuskuldbindingar og áhættuskuldbindingar sem hlotið hafa ívilnun, sbr. 442. gr. CRR. Þá tók gildi árið 2021 ný reglugerð um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja, þ.e. reglugerð (ESB) 2021/637, þar sem sett eru fram sniðmát fyrir upplýsingagjöf skv. II. og III. bálki í 8. hluta CRR, m.a. varðandi áhættuskuldbindingar vegna vanefnda og ívilnunar. Reglugerðin hefur verið innleidd hér á landi með reglum um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja, nr. 1700/2022. Kröfur um birtingu upplýsinga skv. 442. gr. CRR

¹ Guidelines amending Guidelines EBA/GL/2018/10 on disclosure of non-performing and forborne exposures

² Sjá hér: [Viðmiðunarreglur EBA um stýringu á áhættuskuldbindingum vegna vanefndar og ívilnunar og upplýsingaskyldu -Pillar III- vegna slíkra áhættuskuldbindinga.pdf](#)

og reglugerð (ESB) 2021/637 ná aðeins til lánastofnana sem flokkast sem stórar stofnanir.

Með þeim breytingum sem gerðar eru með viðmiðunarreglum EBA/GL/2022/13 ná viðmiðunarreglur EBA/GL/2018/10 ekki lengur til stórra lánastofnana, sem falla undir framangreinda upplýsingaskyldu skv. 442. gr. CRR og reglugerð (ESB) 2021/637, heldur ná þær aðeins til a) skráðra lánastofnana sem flokkast sem litlar og einfaldar stofnanir³ og b) annarra lánastofnana sem eru ekki stórar eða litlar og einfaldar stofnanir og sem eru óskráðar.⁴

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, ber lögbærum yfirvöldum og eftirlitsskyldum aðilum að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samræmdri, skilvirkri og árangursríkari eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) beinir því til lánastofnana að kynna sér framangreindar breytingar á viðmiðunarreglum EBA/GL/2018/10, með viðmiðunarreglum EBA/GL/2022/13, og taka mið af þeim í starfsemi sinni. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum laga sem fjallað er um hér að framan er fullnægt.

Dreifibréf þetta mun birtast á vefsíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit banka, lífeyrissjóða og váttrygginga

Pálmi Reyr Ísólffson
forstöðumaður
fjárhagslegir áhættuþættir

³ small and non-complex institutions as defined in Article 4(1) point 145 of Regulation (EU) 575/2013 that are listed institutions

⁴ other institutions (i.e. that are not large or small and non-complex institutions) and that are non-listed institutions as defined in Article 4(1) point 148 of Regulation (EU) No 575/2013.

